



Hvassaleitisskóli – heildarmat á skólastarfi

Mars 2008

Ritun skýrslu: Birna Sigurjónsdóttir

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	3
Inngangur	4
Mat á skólastarfi	5
Nám og kennsla	6
Skimanir og árangur í samræmdum prófum	6
Markmið og áætlanir	7
Skipulag skólastarfs.....	8
Einstaklingsmiðað nám – fjölbreyttar leiðir í námi.....	8
Sérkennsla	11
Nemendur og líðan	12
Félagslíf og skemmtanir	13
Reglur og agi	14
Fjarvera nemenda	14
Foreldrar, samskipti og upplýsingamiðlun.....	15
Starfsmenn og líðan.....	16
Samstarf.....	17
Starfsandi.....	17
Samskipti við nemendur og foreldra	18
Fjarvera starfsmanna	18
Símenntun.....	19
Stjórnun og skipulag.....	19
Heimasíða.....	21
Skólanámskrá	21
Sjálfsmat og umbótaáætlun	22
Myndver grunnskóla	23
Húsnæði og aðbúnaður.....	23
Greining.....	25
Samantekt ábendinga.....	25
Heimildir	28
Fylgiskjöl.....	28

Inngangur

Í skýrslu þessari verður greint frá niðurstöðum heildarmats í Hvassaleitisskóla sem fram fór í febrúar 2008. Matið var framkvæmt af starfsfólki Menntasviðs. Hvassaleitisskóli var einn af átta skólum þar sem Menntasvið ákvað að fram færi heildarmat á skólastarfi skólaárið 2007-2008. Matið fór fram með viðtölum, vettvangsathugunum og rýnihópum ásamt því að farið var yfir gögn um skólastarfið.

Leiðarljós við matið var: *Velliðan og árangur nemenda og kennara/starfsfólks skóla og ánægja foreldra með skólastarfið.*

Matið er liður í að styðja við skólastarf og kemur til viðbótar sjálfsmati skólanna. Stefna Reykjavíkurborgar í menntamálum er höfð til viðmiðunar í matinu auk annarra ramma um skólastarf, laga, reglugerða, aðalnámskrár og stefnumótunar borgarinnar í starfsmannamálum og mannréttindamálum.

Hvassaleitisskóli er heildstæður grunnskóli þar sem lögð er áhersla á greinabundna kennslu sem tekur mið af fjölbreyttum kennsluháttum, samvinnu nemenda og einstaklingsmiðuðu námi. Velliðan – agi – árangur eru einkunnarorð skólans og endurspegla þau stefnu hans og leiðir að helstu markmiðum. Í skólanum er unnið að því að nemendur þroski með sér sjálfsöryggi og sjálfsaga, skapandi og gagnrýna hugsun. Einnig að nemendur tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð og ábyrga afstöðu gagnvart námi sínu.

Skólastjóri Hvassaleitisskóla er Pétur Orri Þórðarson og aðstoðarskólastjóri er Þórunn Kristinsdóttir. Hvassaleitisskóli er heildstæður grunnskóli fyrir nemendur 1.-10. bekkjar. Í skólanum voru 236 nemendur skráðir 1. september 2007 sem er um 91% af fjölda nemenda sem á lögheimili í skólahverfinu. Samkvæmt nemendaspá er gert ráð fyrir að nemendafjöldi haldist nær óbreyttur næstu fimm ár. Í skólanum eru 35 starfsmenn í um 32 stöðugildum skólaárið 2007-2008, þar af kennarar í um 27 stöðugildum. Samkvæmt þessu eru um 7,4 nemendur á hvert stöðugildi eins og í borginni í heild að meðaltali. Ef aðeins er miðað við kennara í Hvassaleitisskóla eru um 8,7 nemendur á hvert stöðugildi.

Skólinn hóf starfsemi sína í september 1965, fyrstu vikurnar í Breiðagerðisskóla og Álftamýrarskóla og 12. nóvember í hluta skólahúsnæðis Hvassaleitisskóla. Fyrsta byggingaráfanga var lokið í febrúar 1966. Skólaárið 1969-1970 var annar áfangi tekinn í notkun og þriðji áfangi var síðan tekinn til afnota smám saman á árunum 1979-1982. Fjórði áfangi skólans var tekinn í notkun í byrjun september 2000 og skólinn einsettur. Heildarstærð skólans er 3,594 m² án íþróttarýmis.

Skólasafnamiðstöð sem starfar undir upplýsingatækniþjónustu menntasviðs og þjónar öllum grunnskólum borgarinnar er til húsa í Hvassaleitisskóla. Þar eru fimm starfsmenn, þar af þrír bókasafnsfræðingar.

Myndver grunnskóla er starfrækt í Hvassaleitisskóla sem hluti af skólanum. Myndverið þjónar öllum grunnskólum borgarinnar samkvæmt þjónustusamningi. Nánari grein er gerð fyrir starfsemi Myndvers í sérstökum kafla í skýrslunni.

Mat á skólastarfi

Ákvæði um ytra mat er í 51. gr grunnskólalaga, þar segir m.a.: „Menntamálaráðherra ber ábyrgð á að fram fari mat á skólum og skólastarfi sem ætlað er að tryggja að skólahlald sé í samræmi við ákvæði laga og aðalnámskrár.“ Innra mat, sjálfsmat skóla er einnig bundið í grunnskólalögum 49. gr., þar segir m.a.: „Sérhver grunnskóli innleiðir aðferðir til að meta skólastarfið, þar á meðal kennslu- og stjórnunarhætti, samskipti innan skólans og tengsl við aðila utan skólans.“

Á vegum Menntasviðs Reykjavíkur eru reglulega gerðar kannanir á skólastarfi og eru grunnskólarnir hvattir til að nýta niðurstöður þeirra í innra mati.

Menntaráð ákvað vorið 2007 að láta fara fram heildarmat í 6-7 skólum á ári. Skipaður var stýrihópur starfsmanna á Menntasviði ásamt ráðgjafa til að sjá um framkvæmd matsins undir stjórn Birnu Sigurjónsdóttur, verkefnisstjóra.

Markmið heildarmats eru að:

- Aðstoða skóla í ljósi eigin sjálfsmats til að efla skólastarfið og styrkja innviði skólans
- Styrkja skólabrag og búa til samhljóm í skólanum
- Gera góðan skóla betri með markvissri hvatningu í starfi
- Veita skólayfirvöldum upplýsingar um gæði skólastarfs og hvernig skólar framfylgja stefnu borgarinnar í menntamálum

Stýrihópurinn hafði til hliðsjónar eftirfarandi ferli sem mótað hafði verið í vinnu starfshóps á vegum menntaráðs sem starfaði skólaárið 2006-2007.

Tímarammi

Gert er ráð fyrir að allt matsferlið taki sex vikur og viðtöl og vettvangsathuganir fari fram á 1-2 vikum innan þess tíma.

- | | |
|---|----------|
| • Ákvörðun tekin um athugun í skóla | vika 1 |
| • Haft samband við skólann og látið vita af fyrirhugaðri heimsókn | vika 1 |
| • Upplýsingum safnað saman/prófill skólans/heimasíða skoðuð | vika 1 |
| • Viðtöl við skólastjórnendur, kynning fyrir starfsfólki | vika 2 |
| • Vettvangsathuganir, rýnihópar | vika 3 |
| • Úrvinnsla og skýrslugerð | vika 4-5 |
| • Skóla gefst færi á að lesa yfir skýrslu | vika 5 |
| • Skýrsluskil – formleg | vika 6 |
| • Upplýsingar til menntaráðs | vika 6 |

Aðferðir við gagnaöflun:

- Viðtöl við stjórnendur og fulltrúa kennara og foreldra/fundur með foreldraráði, fundur með nemendaráði
- Rýnihópar – stjórnendur, kennarar, list- og verkgreinakennarar, annað starfsfólk, foreldrar, nemendur (tveir hópar)
- Vettvangsathuganir með gátlista
 - Athugun á skólabrag og kennslu í kennslustundum og hléum
 - Athugun í skóla
 - Athugun í skólastofu
- Farið yfir gögn:

- Skólanámskrá (nýjustu útgáfu)
 - þ.m.t. mannréttindaáætlun
 - og skipurit skóla
- Yfirlit yfir forföll nemenda og kennara fyrir vorönn 2007
- Sjálfsmatsskýrsla og umbótaáætlun
- Heimasíða skólans
- Stundaskrár 2007-2008 – sýnishorn af yngra, mið- og elsta stigi
- Kennsluáætlanir 2007-2008 – sýnishorn af yngra, mið- og elsta stigi
- Símenntunaráætlun skóla (nýjustu útgáfu)
- Yfirlit yfir stöðu skólans í könnunum, skimunum og samræmdum prófum
- Önnur þau gögn sem skólinn vill leggja fram og varpa ljósi á gæði skólastarfsins

Skýrsla – endurgjöf – eftirfylgd

- Gerð verður ítarleg skýrsla um hvern skóla sem skapar umræður innan skólans, er jákvæð og bendir á styrkleika skólans og veikleika.
- Drög að skýrslu verða send skólastjórnendum sem geta gert athugasemdir en ekki breytt skýrslunni nema rangt sé með farið.
- Fundað með skólastjórnendum og með foreldraráði og niðurstöður kynntar á fundi starfsmanna.
- Skólinn gerir umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum matsins.

Frekari eftirfylgni ef þörf er á:

- Komið á samstarfi skóla/netverki um ákveðna þætti sem þarf að vinna með.
- Skólinn getur fengið ráðgjöf frá Menntasviði eða þjónustumiðstöðvum.

Samantekt niðurstaðna og greining á stöðu skólans verður opinbert skjal en skýrslan verður vinnuskjal skólans.

Nám og kennsla

Skimanir og árangur í samræmdum prófum

Lesskimunarprófið Læsi var lagt fyrir í 2. bekk vorið 2007 og var niðurstaða þess að 80% nemendahópsins töldust geta lesið sér til gagns¹ en meðaltal í grunnskólum Reykjavík er 66%. Meðalárangur nemenda í 2. bekk Hvassaleitisskóla var 78% en meðalárangur allra nemenda í Reykjavík sem þátt tóku í prófinu var 71%. Þegar prófið var lagt fyrir 2. bekk vorið 2006 var meðalárangurinn í Hvassaleitisskóla 80% og gátu 81% nemenda lesið sér til gagns.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Árangur nemenda í lestri í 2. bekk er marktækt betri árið 2007 en meðalárangur í grunnskólum Reykjavíkur. Sama á við um árið 2006.

Stærðfræðiskimun með Talnalykli var lögð fyrir nemendum í 3. bekk nóvember 2006, og var meðalárangur nemenda í þættinum *Reikningur og aðgerðir* mæltalan 12.2 sem er marktækt betri árangur en nemendur í Reykjavík í heild (10.8). 81% nemenda fóru aðeins í þann

¹ Þeir nemendur teljast geta lesið sér til gagns sem ná a.m.k. 65% árangri á prófinu.

prófbátt og teljast ekki líklegir að þurfa stuðning í stærðfræði. Af þeim nemendum sem tóku allt prófið telst einn nemandi líklegur að þurfa stuðning í stærðfræði en að meðaltali í grunnskólum Reykjavíkur teljast 10% nemenda líklegir að þurfa stuðning í stærðfræði. Samkvæmt fyrstu niðurstöðum stærðfræðiskimunar í 3. bekk Hvassaleitisskóla 2007 er enginn af þeim nemendum sem þátt tóku líklegur að þurfa stuðning í stærðfræði.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Góður árangur er í stærðfræðiskimun í 3. bekk 2006 og aðeins einn nemandi sem telst líklegur að þurfa aðstoð í stærðfræði sýnir styrkleika.

Samræmd próf – framfarastuðull²

Framfarastuðull nemenda í Hvassaleitisskóla 2006 er 1.00 í íslensku í 10. bekk sem telst venjulegar framfarir nemenda, í stærðfræði í 10. bekk er framfarastuðullinn 0.99 sem eru einnig venjulegar framfarir nemenda. Í íslensku í 7. bekk er framfarastuðullinn 1.02 sem er aðeins yfir venjulegum framförum nemenda, en í stærðfræði í 7. bekk er framfarastuðullinn 1.00 sem er telst venjulegar framfarir (sjá nánar í fylgiskjali 1, Hvassaleitisskóli og skólahverfi).

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Nemendum fer eðlilega fram í námi í íslensku og stærðfræði milli 7. og 10. bekkjar og milli 4. og 7. bekkjar samkvæmt framfarastuðlum í samræmdum prófum.

Markmið og áætlanir

Markmið einstakra greina eru sett fram í náms- og kennsluáætlunum fyrir skólaárið og eru tilgreind þrepamarkmið úr Aðalnámskrá eða vísað í þau. Náms- og kennsluáætlanir eru hluti af skólanámskrá skólans og eru kynntar foreldrum í námskynningum að hausti og eru einnig birtar á heimasíðu skólans. Í þeim eru kynnt markmið, námsþættir, kennslutilhögun og námsefni fyrir hverja grein og fyrir hvern árgang. Í sumum greinum er einnig fjallað um heimanám og námsmat. Á heimasíðu skólans er hvort heldur sem er hægt að fara inn á náms- og kennsluáætlun eftir bekkjum eða eftir námsgreinum.

Meginreglan er að kennari setur markmið og gerir áætlun en innan hennar geta nemendur farið á eigin hraða. Þannig gera nemendur sér sjálfir áætlun, t.d. í stærðfræði þar sem þau áætla fjölda blaðsíðna sem þau ætla sér að vinna á ákveðnum tíma. Í heimsókn voru skoðaðar möppur með markmiðsblöðum og áætlunum, gerð hafa verið markmiðsblöð bæði í íslensku og stærðfræði þar sem gerðar eru áætlanir til lengri eða skemmri tíma. Markmiðsblöð hafa einnig verið gerð í hönnun og smíði og tónmennt. Á miðstigi er búið að flokka námsefnið eftir efnisflokkum og nemendur taka fyrir efnisflokkum í stað þess að fylgja námsefninu frá síðu til síðu. Nemendur skrá markmið sín eftir verkefnabókum, dagsetningu, blaðsíðu og kafla bókar, og kennari merkir við þegar markmiði er náð. Foreldrar taka þátt í að gera áætlun um heimavinnu með nemendum á yngsta stigi. Skoðuð var áætlun í stærðfræði í 8. og 9. bekk þar sem tilgreind eru verkefni, markmið, dæmi í bók og áætlun um hvenær skuli lokið. Nemendur á unglingsstigi kalla þó eftir meira aðhaldi í áætlanagerðinni „eigum að sjá um sjálf að setja okkur markmið ... enginn að fylgjast með því hvort við erum að fara eftir því“.

² Framfarastuðull gefur vísbendingu um hvort frammistaða nemenda í skólanum hafi breyst frá því árgangurinn þreytti samræmd próf fyrr á námsferlinum. Talan 1.00 merkir venjulegar framfarir nemenda. Tölur 0.94 eða lægri og 1.06 eða hærri benda til mikilla breytinga á stöðu nemenda.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Náms- og kennsluáætlanir fyrir árganga í öllum greinum eru birtir á heimasíðu skólans, þær eru hluti af skólanámskrá og eru kynntar foreldrum í námskynningum að hausti.
- Í flestum greinum gera nemendur sér námsáætlun fyrir ákveðinn tíma.

Skipulag skólastarfs

Skólinn er opnaður kl. 7:50 og kennsla hefst kl. 8:10 að morgni. Stundataflan er skipulögð í 80 mínútna lotur. Frímínútur eru 15 mínútur milli 2. og 3. stundar og 10 mínútur milli 4. og 5. stundar. Matarhlé og næðisstund hjá nemendum í 1.-4. bekk frá 11:55-12:25 og frímínútur/útivera til 12:55. Borðað er í matsal í tveimur hópum á bilinu 11:55-12:55.

Haustið 2006 tók Hvassaleitisskóli upp greinabundna kennslu þar sem hver kennari er ábyrgur fyrir sinni grein og stofur eru sérhæfðar sem faggreinastofur. Skólabyggingunni er skipt upp í vinnusvæði eftir námsgreinum og eftir stigum, þannig er yngsta stigið saman um stofur, 5. og 6. bekkur og 7.-10. bekkur. Nemendur í 1. bekk hafa tvær samliggjandi stofur og færa sig ekki á milli stofa í kjarnagreinum. Nemendur í 2.-10. bekk fara á milli stofa á sínu svæði til að sækja tíma í ákveðinni námsgrein hjá þeim kennara sem sér um kennslu í viðkomandi grein. Það var helst á miðstiginu sem nemendur kvörtuðu undan því að fara á milli stofa og því að þurfa að fara í heimastofuna til að sækja úlpur og skó.

Skoðaðar voru stundatöflur nemenda. Á töflu 1. bekkjar eru skráðir 30 tímar og að auki 30 mínútna næðisstund alla daga. Á töflu 2.-7. bekkja eru skráðir 35 tímar og að auki 30 mínútna næðisstund alla daga hjá 2.-4. bekk. Í 8. bekk eru 37 nemendatímar á töflu, í 9. bekk 31 nemendatími og 10. bekk 33 nemendatímar þar koma til viðbótar valgreinar einstakra nemenda.

List- og verkgreinar hafa fasta tíma á töflu nemenda, 2 tíma í viku hálf skólaárið. Tónmennt er ekki kennd þetta skólaár. Nýsköpun kom inn sem ný námsgrein á miðstigi. Fram kemur að skipulag á sundtímum fer illa saman við skipulag greinabundins náms.

Stofur eru almennt læstar og opnar kennari fyrir nemendum til að hleypa þeim inn. Nemendur yngri deilda fara út í frímínútur. Skólalóðin er skipt fyrir 1.-4. bekk með rólum og leiktækjum og svo eldri og þar eru vellirnir. Fram kemur að lítil gæsla er í frímínútum. Nemendur í 7.-10. bekk þurfa ekki að fara út í frímínútur.

Einstaklingsmiðað nám – fjölbreyttar leiðir í námi

Í skólanámskrá og stefnumótun skólans kemur fram heildarstefna Hvassaleitisskóla í einstaklingsmiðuðu námi. Nemandinn er í forgrunni – greinabundin kennsla og greinabundið nám. Stefnt er að greinabundinni menntun kennara og að kennarar tileinki sér fjölbreytta kennsluhætti er stuðla að því að nemendur vinni á sínum eigin forsendum og getu. Fram kemur að unnið hefur verið að því að þjálfar nemendur í að setja sér markmið og vinna að því að ná þeim (Skólanámskrá Hvassaleitisskóla veturinn 2007-2008. V. Stefna, markmið, samskipti og áætlanir skólans, s. 3-4). Með þessu skipulagi vill skólinn nálgast það markmið að sérþekking kennara verði meiri, kennslan verði sérhæfðari, samfella í námi verði meiri, nemendur geti farið á eigin hraða og „sérhver nemandi blómstri í skólanum samkvæmt eigin getu“ (Skólanámskrá, einstaklingsmiðað nám).

Í vinnustaðagreiningu 2007 svarar starfsfólk Hvassaleitisskóla spurningunni „Hversu vel eða illa telur þú ganga að sinna einstaklingsbundnum þörfum nemenda í þínum skóla?“ að þeim gangi það nokkuð betur í skólanum en meðaltalsgildi úr grunnskólum í heild segir til um (3,63 í Hvassaleitisskóla miðað við 3,42 í öllum grunnskólum).

Í vettvangsathugunum kemur fram að allflestar skólastofur eru útbúnar sem sérgreinastofur og bera með sér hvað þar fer fram. Þannig eru plaköt tengd viðkomandi grein á veggjum, verkefni nemenda, námsgögn og tæki tiltæk fyrir nám og kennslu á hverjum stað. Kennarar eru almennt fremur jákvæðir gagnvart breytingu yfir í greinabundna kennslu, þeim finnst kostur að hafa eigin sérútbúna stofu og kostur að geta sérhæft sig í einni grein eða tveimur og telja að það sparist tími við undirbúning. Flestir telja námið verða einstaklingsmiðaðra og feli í sér aukna fjölbreytni fyrir nemendur, m.a. vegna þess að yfirleitt er kennt í tveimur tímum samfelld og þá þarf að brjóta upp tímann með nýjum aðferðum eða verkefnum. Einnig er auðvelt að leyfa nemendum að fara á eigin hraða í námsefni, „get leyft þeim að renna áfram, því ég held utan um öll stigin“. Nemendur í unglingadeild taka áfanga í fjarnámi ef þau hafa lokið 10. bekkjar námsefni. Kennarar eru á því að breytingin hafi verið minnst fyrir unglingastigið þar sem faggreinakennsla var fyrir

Það sem kennarar eru miður ánægðir með í skipulaginu er að umsjónarkennari missir að einhverju leyti tengsl við sinn nemendahóp sem kemur niður á uppeldis- og hegðunarmótandi hlutverki kennarans. „Finnst ég orðin framhaldsskólakennari“ er ein athugasemd sem heyrir og ekki á jákvæðum nótum. Til bóta væri að fá umsjónartíma með bekknum sem væri hægt að nota til þess að, t.d. skipuleggja bekkjarkvöld.

Skipulag náms er þó enn miðað við bekkinn og í flestum tímum sem heimsóttir voru í vettvangsathugun voru nemendur að vinna að sama verkefni á sama tíma.³ Undantekningar frá þessu voru þó nokkrar, s.s. í stærðfræði á unglingastigi þar sem nemendur voru komnir mjög mislangt í námsbókinni og fara greinilega á eigin hraða og í landafræði þar sem námsaðferðin var lausnaleit sem byggist á að nemendur vinni sjálfstætt að lausn verkefna sem kennari leggur fyrir. Í textíl voru þrjú verkefni í gangi á sama tíma og skiptust nemendur á þau. Í smíði voru nemendur að vinna að útfærslu eigin hönnunar í ólíkan efnivið. Þemanám er skipulagt 3-4 sinnum yfir skólaárið í nokkra daga í senn, þá er aldursblandað og nemendur vinna saman í hópum að lausn verkefna og kennarar koma inn sem sérfræðingar. Það er mat list- og verkgreinakennara að einstaklingsmiðun sé hvergi meiri en í þessum greinum og einnig fjölbreyttar aðferðir.

Uppröðun í stofur er ýmist í röðum þar sem nemendur snúa fram og kennari kennir frá töflu eða raðað er í hópauppröðun og var það algengara hjá yngri bekkjum. Á veggjum skólastofanna og á göngum eru fjölbreytt verkefni sem sýna hvað nemendur hafa verið að fást við. Einnig eru í hverri stofu veggspjöld og námsgögn sem tengjast þeirri námsgrein sem þar er kennd.

Nemendur voru oftast að vinna einir að verkefnum allir eftir sömu fyrirmælum, þó sjást dæmi um að einstaka nemendur eru með önnur viðfangsefni en hópurinn (sjá nánar vettvangsathuganir, heimsóknir í bekki, fylgiskjal 2). Val um verkefni kom þó oft í lok tímans þegar nemendur höfðu lokið því verkefni sem fyrir var lagt.

³ Vert er að taka fram að matið og vettvangsathugun byggir á stuttu innliti í skólastofur og kennslustundir þannig að ekki fæst yfirsýn yfir langtíma verkefni og markmið.

Almennt virðist skólinn kominn lengra í viðhorfum og stefnumótun en í framkvæmd einstaklingsmiðaðs náms. En greinilegt er að allir kennarar eru að taka skref í átt til að nemendur fái nám við hæfi og námsleiðir séu fjölbreyttar. Í vettvangsathugunum og einnig í náms- og kennsluáætlunum kemur fram að kennarar nota margar aðferðir og leiðir í kennslu og námstilhögun bæði í yngri og eldri deildum. Í vettvangsathugunum reyndist fjölbreytnin meiri í yngri deildum en eldri. Alls staðar í stofum sem heimsóttar voru mátti sjá styrka stjórn kennara og vinnufriður og ró var reglan (sjá nánar vettvangsathuganir, heimsóknir í bekk, fylgiskjal 2).

Foreldrar tjá sig jákvætt um greinabundna námið en telja samt ákveðinn ókost felast í minnkandi utanhaldi umsjónarkennara með nemendum. Í rýnihópi foreldra er einnig bent á hættu sem getur falist í því að ein námsgrein líði fyrir slakan kennara.

Fram kemur í rýnihópi kennara að stjórnendur hafi tekið ákvörðun um breytingar þegar greinabundið nám var tekið upp, þó ekki hafi allir kennarar verið sammála. Einn kemur þar fram að talað hafi verið um á sínum tíma að endurskoðun ætti að fara fram en því hafi ekki verið fylgt eftir.

Nemendur í rýnihópum hafa ekki miklar skoðanir á greinabundna náminu en yngri hópnum finnst gaman að breyta um stofu og enginn vandi að muna hvar þau eiga að vera. Unglingarnir segjast ekki finna mikinn mun frá því sem var áður og rýnihópur nemenda á miðstigi segir ekki mikla einstaklingsmiðun en þau geti farið mishratt yfir efnið.

Skólasafn og tölvustofa eru samliggjandi og kennarar vinna saman. Þangað koma bekkir og skiptast á milli stofanna sem eru vel útbúnar. Aðstaðan nýtist nemendum vel til heimilda- og ritgerðavinnu.

Námsmat

Námsmat er í formi símats og sjálfsmats og stefnt að því að það verði leiðandi og hvetjandi. Niðurstöður námsmats eru birtar nemendum og aðstandendum þeirra á þar til gerðum einkunnablöðum þar sem einkunnir eru gefnar í hálfum og heilum tölum á skalanum 1-10, kemur fram í Skólahandbók. Unnin hefur verið heildstæð stefnumótun sem sett er fram í sérstöku hefti tilheyrandi skólanámskrá. Þar kemur m.a. fram að unnið er að því að námsmat verði samræmi við einstaklingsmiðað nám, leiðin sem valin hefur verið er námsmóppur sem er yfirheiti á aðferð við söfnun gagna, vinnulag og mat. Í einstaka greinum virðast kennarar vera að taka upp námsmóppur sem tæki í námsmati, í náms- og kennsluáætlunum fyrir skólaárið 2007-2008 er þeirra þó ekki getið.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Greinabundið nám og kennsla er leið skólans til að veita nemendum nám við hæfi og tryggja sérþekkingu kennara.
- Almennt virðist skólinn kominn lengra í viðhorfum og stefnumótun en í framkvæmd einstaklingsmiðaðs náms.
- Skipulag náms er miðað við bekkinn og í flestum tímum sem heimsóttir voru í vettvangsathugun voru nemendur að vinna að sama verkefni á sama tíma.
- Innan ramma greinabundinnar kennslu þarf að taka markviss skref til að nám og kennsla taki mið af einstaklingnum.
- Skólstofur eru útbúnar sem sérgreinastofur og bera með sér hvaða nám og kennsla fer þar fram.

- Nemendur fara á milli stofa og kennara eftir greinum og kennarar sérhæfa sig í kennslu einnar eða tveggja greina.
- Skoða þarf hvort umsjónarkennarar hafa nægan tíma með sínum bekk til að mynda góð tengsl og sinna foreldrasamstarfi, sérstaklega á yngri stigum.
- Eigin áætlanir nemenda um nám sitt eru í þróun, draga þarf foreldra betur inn í það ferli.
- Unnið er að því að námsmat verði í samræmi við einstaklingsmiðað nám. Núverandi námsmat virðist hefðbundið.

Sérkennsla

Umsjónarmaður sérkennslu sér um skipulag sérkennslu, ráðgjöf við kennara og skimanir ásamt fullri kennsluskyldu. Stundum er of lítil tími fyrir annað en kennsluna að hans mati. Sérkennslan er skipulögð í tímabilum til að ná að sinna sem flestum sem þurfa aðstoð. Tveir kennarar sinna mest sérkennslu en að auki taka nokkrir kennarar að sér stuðning við hópa eftir skólatíma. Stuðningsfulltrúar eru engir og hafa ekki verið í tvö undanfarin ár.

Í skólanámskrá kemur fram hvernig staðið er að sérkennslu og lýsing á framkvæmd, en stefnan er eins og fyrir alla, nám fyrir alla og öllum á að líða vel. Stefnan er á heimasíðu og kennarar þekkja vel hvert á að leita. Allir foreldrar fá upplýsingar í skólabók sem er afhent að hausti.

Fyrir sérkennslu er notuð ein lítil stofa fyrir 6 nemendur, einnig stofur sem eru lausar því nóg pláss er í skólanum. Að mati sérkennara er aðgengi gott að húsnæði skólans fyrir fatlaða nemendur, lyfta og brautir við innganga. Hurðir það breiðar að ekki ætti að vera vandamál að komast inn í stofur og gott rými í kennslustofum. Enginn fatlaður nemandi er í skólanum núna.

Umsjónarkennarar leita til sérkennara eða skólustjóra vegna nemenda sem þurfa stuðning í námi, þeir eru meðvitaðir um dyslexíunemendur og nemendur með hegðunarerfiðleika. Sérkennari sér um að halda kennurum upplýstum um hvað hægt að gera í kennslunni til að styðja þessa nemendur.

Markvisst er leitað að nemendum með sérþarfir með skimunum. Skimunarpróf eru að hausti fyrir 6 ára, svo lesskimunarprófið Læsi í 1. og 2. bekk, stærðfræðiskimun með Talnalykli og GRP 14. Sérkennslan er skipulögð út frá niðurstöðum þessara skimana og niðurstöðum samræmdra prófa í 4. og 7. bekk. Allir sem þurfa þjónustu samkvæmt þessum prófum fá hana, oftast í 3-5 nemenda hópum í ákveðið tímabil. Engin einstaklingskennsla er í gangi núna en hefur verið t.d. fyrir börn af erlendum uppruna. Á vorönn er eitt barn að koma erlendis frá og tölvukennarinn ætlar að taka hann í íslenskutíma.

Viðhorf nemenda til sérkennslunnar er almennt jákvætt að mati sérkennara, flestir vilja koma í aukatíma og það er ekkert feimnismál með að fá sérkennslu fram eftir öllum aldri. Yngstu nemendur koma í sérkennslu á skólatíma út úr tímum, en á unglíngastigi er sérkennslan fyrir utan skólatíma sem eins konar val. Ábyrgð nemandans og foreldra er því meiri á mætingu í tímana. Þegar sérkennari fer inn í bekk fer hann á milli nemenda og aðstoðar eftir þörfum. Í skólanum eru engir fatlaðir nemendur sem þurfa sérstaka aðstöðu né sérhæfð kennslugögn. Hljóðbækur eru töluvert notaðar og tölvuforrit fyrir nemendur með lestrarerfiðleika. Nemendur geta fengið fartölvur til að vinna verkefni ef þarf.

Viðhorf til nemenda með námslegar sérþarfir er gott, að mati sérkennara, nemendur eru almennt ekki teknir úr kennslu heldur er hjálpin viðbót við skóladaginn á eldri stigum. Mest er unnið með stuðning í íslensku og stærðfræði. Viðhorf stjórnenda til sérkennslunemenda er gott, kennarar leita stundum til þeirra og þaðan koma upplýsingar til sérkennara „eðlilegt og sjálfgefið ferli“.

Viðhorf til nemenda með hegðunarerfiðleika er að reyna að leysa málið, t.d. með því að taka þá tímabundið úr tímum. Í tveimur bekkjum er mjög mikil þörf fyrir aðstoð og þar ráða kennararnir ekki við að vera einir. Sérkennari hefur þá verið með kennaranum, námsráðgjafinn og aðstoðarskólastjóri líka.

Samstarf við umsjónarkennara fer fram á árgangafundum. Sérkennari situr árgangafundi hjá yngsta stigi enda er hann mest með þann hóp. Á unglingastigi er samstarf og upplýsingamiðlun óformlegri. Einstaklingsnámskrár eru ekki alltaf gerðar fyrir nemendur sem þurfa sérkennslu en þær gerir sérkennari ásamt umsjónarkennara. Umsjónarkennarar sjá mest um samskipti við foreldra vegna sérkennslunemenda, en umsjónarmaður sérkennslu hefur samskipti í síma og tölvupósti eða á fundum með foreldrum og aðstoðarskólastjóra.

Ráðgjöf til kennara: Kennarar leita beint til sérkennara, Sérkennari sækir samráðsfundi sérkennara á svæðinu og þar koma hugmyndir og ráð sem nýtast inn í skólastarfið.

Þjónustumiðstöð: Ekki er mikið leitað til þjónustumiðstöðvar, helst vegna hegðunarvanda. Skólinn hefur sótt sér kennsluráðgjöf. Þeir sem sjá um sérkennsluna geta líka leitað þangað en gera ekki mikið af því. Kennurum finnst sálfræðingur hafa fjarlægst eftir að hann færðist á þjónustumiðstöðina þar sem hann hefur ekki lengur fastan viðverutíma í skólanum. Einnig er nefnt gríðarlegt máttleysi gagnvart vandamálum og álit sérfræðinga metið minna en álit foreldra þegar kemur að úrlausnum..

Lausnateymi er ekki starfandi við skólann.

Nemendaverndarráð fundar reglulega.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Markvisst er leitað að nemendum með sérþarfir með skimunum.
- Umsjónarmaður sérkennslu skipuleggur kennsluna.
- Einstaklingsnámskrár eru ekki alltaf gerðar fyrir þá nemendur sem eru í sérkennslu.
- Sérkennsla fer að mestu fram utan bekkjar.
- Lausnateymi er ekki starfandi við skólann.

Nemendur og líðan

Í könnun sem lögð var fyrir nemendur í 5.-7. bekk í grunnskólum Reykjavíkur árið 2007 þar sem spurt var um líðan nemenda í kennslustundum var niðurstaðan í Hvassaleitisskóla sú að 72% nemenda svöruðu að þeim líði alltaf eða oftast vel í kennslustundum. Það er nokkuð hærra en meðaltal allra grunnskólanna sem er 69% (sjá nánar í fylgiskjali 1, Hvassaleitisskóli og skólahverfi).

Í rýnihópum nemenda kemur fram að þau telja að almennt líði nemendum vel í skólanum, nema þau sem tilheyra ekki hópi og verða fyrir stríðni, þau taka dæmi um einstaklinga sem skera sig úr hópnum hvað varðar trúarbrögð eða útlit. Nemendur vita hvernig þau eiga að

bregðast við ef þau verða vör við einelti, „láta kennarann vita“ en telja samt að ekki sé mikið gert í málunum.

Nemendur tala einnig vel um kennarana og eru ánægð með umsjónarkennarann sinn en misánægð með hina og tengja saman ánægju og áhuga á námsgreininni og kennarann.

Foreldrar segja að krakkarnir séu ánægðir í skólanum, en greina einnig frá einstaklingi sem hafi orðið fyrir einelti sem ekki var tekið á og lauk með því að hann skipti um skóla.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Nemendum líður flestum vel í skólanum.
- Einstaklingar sem ekki falla inn í hópinn verða fyrir stríðni.

Félagslíf og skemmtanir

Í Skólabók er fjallað um félagsstarf nemenda. Nemendaráð sem er skipað fulltrúum allra 8.-10. bekkja sér um framkvæmd félagsstarfs undir stjórn eins kennara skólans sem hefur umsjón með nemendaráðinu. Félagsstarf er eitt kvöld aðra hvora viku en mánaðarlega er diskótek. Árshátíð er haldin á vorönn. Á heimasíðu er krækja á upplýsingar um félagsstarf og vísað er í hana í Skólabók. Krækjan var óvirk þegar heimasíðan var skoðuð.

Lítið samstarf er við ÍTR um félagsstarf í skólanum og krökkunum finnst þau missa af kynningum ÍTR á því sem stendur til boða í hverfinu. Fastir liðir í félagsstarfi skólans eru: vökumaraþon, árshátíðin, óvissuferð. Þau eru ánægð með það sem gert er en finnst þó vanta meiri fjölbreytni og nefna hreystikeppni, ræðukeppni og skíðaferðir og vildu gjarnan meira samstarf við aðra skóla.

Í yngri bekkjum er bekkjarkvöld einu sinni á ári. Þá undirbúa nemendur skemmtiatriði fyrir foreldrana. Á miðstigi segja nemendur félagsstarfið fint en „ekki nógu mikið um böll og bekkjarskemmtanir“, sem eru tvisvar á skólaárinu.

Nemendaráð

Hver bekkur í 8.-10. bekk kýs sinn fulltrúa í nemendaráð en þar sem bekkjum hefur fækkað, fækkar í ráðinu. Fulltrúar í nemendaráði gáfu kost á sér af því þeir töldu eftirsóknarvert að vera þar, „skemmtilegur félagsskapur“ segja þau og láta einnig vel af samstarfi við umsjónarmanninn. Nemendaráð hittist einu sinni til tvisvar í viku, gerðar eru áætlanir um félagsstarfið fyrir hverja önn.

Nemendaráð fundar ekki með skólastjórnendum og fjallar ekki um skólastarf eða faglega þætti. Ráðið skipuleggur ekki félagsstarf á miðstigi en kemur til aðstoðar þegar viðburðir eru þar.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Fulltrúar í nemendaráði eru ánægðir með starf og virkni ráðsins.
- Stjórnendur skólans koma ekki á fundi nemendaráðs þannig að starfsemi ráðsins virðist vanta tengingu við ákvarðanir í skólanum.
- Nemendur í 6. og 7. bekk eiga ekki fulltrúa í nemendaráði eins vera skal skv. lögum um grunnskóla.
- Virkja þyrfti nemendaráðið í skólastarfinu og vinna að auknu nemendalýðræði.

Reglur og agi

Nemendur þekkja vel skólareglurnar vel og viðurlög við þeim. Skólareglur eru birtar í Skólabók sem afhent er foreldrum að hausti, þar er tilgreint hvað ber að gera, hvað er bannað og hvað ekki má. Nánari útfærslu á skólareglum er að finna í skólanámskrá, brot nemenda í 5.-10. bekk eru metin til refsistiga eftir ákveðnu punktakerfi með það að markmiði að veita nemendum aðhald varðandi hegðun og umgengi í skólanum. Í skólanámskrá eru einnig ferlar sem lýsa viðbrögðum og meðferð mála sem varða alvarleg agamál, eineltismál, misbrest á skólasókn o.fl. Kennarar geta síðan sett bekkjarreglur fyrir sína stofu miðað við aðstæður.

Reglurnar eru uppi við í allflestum skólastofum. Af hálfu stjórnenda er lögð mikil áhersla á agamálin í samræmi við einkunnarorð skólans: Vellíðan – agi – árangur. Kennurum gengur vel að halda aga að mati stjórnenda og það gengur ágætlega að halda utan um nemendur sem eru erfiðir. Að mati nemenda er almennt vinnufriður í tímum en þó eru nokkrir sem „eru með læti og skemma fyrir hinum“. Aginn fer eftir kennurum og kennarar eru misstrangir kemur líka fram hjá rýnihópum nemenda. Skólinn er ekki með samræmt agastjórnunarkerfi en skólareglur skýrar og duga ágætlega ásamt viðbrögðum sem tilgreind eru í skólanámskrá, að mati kennara, þó vantar betri áætlun varðandi einelti og alvarleg hegðunarvandamál.

Brugðist er við neikvæðri hegðun með því að láta nemendur fara til skólastjóra og hringja heim til foreldra sinna og lýsa því hvernig þau hafa hegðað sér, þetta á við á öllum stigum og við ítrekuð hegðunarbrot. Einnig er haft samband við námsráðgjafa ef nemandi sýnir ítrekað erfiða hegðun. Nemandi er jafnvel tekinn úr sínum bekk og settur í bekk hjá öðrum kennara með það að markmiði rjúfa aðstæðurnar og róa nemandann eða nemandi er settur inn í auða stofu til að sitja einn og vinna. Þessu er þó ekki beitt á yngsta stiginu. Umbunarkerfi í gangi á yngsta stigi sem sérkennari aðstoðar við ef óskað er.

Meginreglan er að leysa málin um leið og þau koma upp. Vandamál er að ef skólastjórar eru ekki við kemur nemandinn til baka án þess að nokkuð hafi verið að gert. Að mati eins kennara þyrfti að vera aðstaða í skólanum þar sem hægt er að taka á móti nemendum sem trufla og geta ekki farið eftir reglum.

Í vettvangsathugunum var góður vinnufriður að mati athugenda bæði í eldri og yngri deildum og nemendur að vinna eftir fyrirmælum kennara. Í rýnihópum kemur fram að vanti gæslu á gangana og æskilegt að hafa fleiri á vakt meðan nemendur matast.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Nemendur þekkja skólareglur og virða þær.
- Settar eru bekkjarreglur í flestum bekkjardeildum í samráði við nemendur.
- Skýrar reglur eru um skólasókn, brot nemenda eru metin til refsistiga.
- Vantar betri áætlun varðandi einelti og alvarleg hegðunarvandamál.
- Almennt er góður vinnufriður og agi í kennslu.
- Lítil gæsla á göngunum og í matsal.

Fjarvera nemenda

Farið var yfir forföll nemenda á vorönn 2007 eftir bekkjum. Reiknað var hlutfall miðað við heildartímafjölda á önninni. Fjarvistir (óheimilar) voru hlutfallslega hæstar í 10. bekk, þar eru einnig nokkur brögð að því að nemendur mæti án heimanáms. Brottrekstur kemur hvergi fyrir.

Nokkuð er um að nemendur mæti án heimanáms eða án námsefnis í öðrum 6. bekknum, 7. bekk og í 8. bekk. Mest er um leyfi og veikindi í 7., 9. og 10. bekk.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Skoða þarf hvað veldur því að einstaka bekkir skera sig úr með fjarveru og hvort tengsl eru við árangur nemenda.

Foreldrar, samskipti og upplýsingamiðlun

Í könnun á viðhorfum forráðamanna til skóla árið 2006 mælist ánægja foreldra með Hvassaleitisskóla tæp 78% sem er aðeins undir meðaltali í Reykjavík (tæp 80%).

Foreldraráð fundar með skólastjórnendum tvisvar á önn. Fundir eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir ritaðar sem eiga að birtast á heimasíðu skólans en gera það ekki eins og er. Það stendur til bóta þegar heimasíða hefur verið endurgerð. Einnig kemur fram að unnið er að því að setja starfsreglur fyrir ráðið.

Foreldraráðið tók mikinn þátt í nýrri stefnumótun um greinabundna kennslu og einstaklingsmiðað nám. Að mati rýnihóps foreldra gegnir foreldraráðið mikilvægu hlutverki sem tengiliður milli foreldra og skóla og vettvangur fyrir skólastjórnendur að ræða við fulltrúa foreldra. Foreldrar vildu gjarnan hafa meira samráð um stjórnun skólans. Stefna skólans hefur verið rækilega kynnt öllum foreldrum samfara breytingum í greinabundið nám. Boðað var til funda á ýmsum tímum til að ná til sem flestra.

Að mati foreldra hefur skólinn gott orð á sér, mikið er lagt upp úr kennslu í grunngreinum, íslensku og stærðfræði og raungreinum og nemendur standa sig vel. Þessi styrkur er um leið galli að þeirra mati og bitnar á greinum eins og tónlist og íþróttum, eins er námsval lítið.

Foreldrafélagið er bakhjarl við foreldraráðið og foreldrar almennt styðja við bæði ráðið og stjórn foreldrafélags. Stjórn foreldrafélags hittist reglulega einu sinni í mánuði, einn fulltrúi kennara situr í stjórninni. Bekkjarfulltrúar starf í hverri bekkjardeild, Samstarf innan bekkja er að mati foreldra mjög mikilvægt og skemmtilegt og nemendur segjast vera ánægðir þegar foreldrar taka þátt í skólastarfinu, en vilja þó ekki hafa það meira.

Að hausti hittist stjórnin með bekkjarfulltrúum og þá eru viðburðir skólaársins skipulagðir og ábyrgð skipt á milli fulltrúa. Nemendur og foreldrar eru síðan virkjaðir til þátttöku. Fastir liðir eru jólaföndur, öskudagsskemmtun, nýnemakaffi að hausti og vorhátíð. Einnig stendur foreldrafélagið fyrir fyrirlestur og aðalfundi í mars.

Samstarf eða samráð foreldraráðs við nemendur er ekki mikið og nokkur ár eru síðan sameiginlegur fundur kennararáðs, foreldraráðs og nemendaráðs var haldinn. Rýnihópurinn er sammála um að það „þyrfti að tala meira við nemendur“ og kanna þeirra vilja. Einnig heyrir sú skoðun að þar sem skólinn er lítill og unglingadeild fámenn sé e.t.v. ekki mikil þörf fyrir formlegan vettvang skoðanaskipta.

Foreldrar mæta yfirleitt vel á fundi nema aðalfund. Í rýnihópi kom fram að skólinn gæti tekið meiri þátt í að virkja foreldra í starfsemi foreldrafélags og vitnað er í að rannsóknir sýni að eftir því sem foreldrar eru virkari í skólastarfinu líði börnunum betur í skólanum.

Rýnihópur foreldra er gagnrýninn á upplýsingamiðlun skólans til foreldra og telja að hún sé ekki nógu góð. Kennarar nota Mentor mismikið þó þeir eigi allir að setja inn upplýsingar. Heimasíðan er ekki nógu lifandi og skemmtileg að þeirra mati þó þar sé ýmsar upplýsingar að finna, s.s. skóladagatal og upplýsingar um starfsfólk. Æskilegt er einnig að skólastjórnendur sendi bréf til foreldra að vori og hausti með upplýsingum um hvað er á döfinni í skólastarfinu.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Ánægja foreldra með skólann mælist tæp 78%, aðeins lægri en í skólum borgarinnar að meðaltali.
- Foreldrar taka þátt í stefnumótun og styðja vel við skólann.
- Reglulegir fundir eru með skólastjórnendum og foreldraráði.
- Tryggja þarf að upplýsingamiðlun til foreldra sé regluleg, markviss og góð í öllum bekkjardeildum.

Starfsmenn og líðan

Í vinnustaðagreiningu fyrir grunnskóla Reykjavíkur árið 2007 kemur fram að starfsfólk Hvassaleitisskóla er á heildina lítið frekar ánægt í starfi sínu, sú fullyrðing mælist 4.15 (á starfhæfu bili)⁴ sem er aðeins hærra en meðaltal grunnskóla í Reykjavík (4.03). Starfsánægja mælist ívið hærri en að meðaltali í Reykjavík og örlítið hærri við skólann árið 2007 en árið 2005. Starfsmannavelta er 26% árið 2006 eða heldur meiri en að meðaltali í Reykjavík (sjá nánar í fylgiskjali 1, Hvassaleitisskóli og skólaumhverfi).

Í vinnustaðagreiningu vorið 2007 voru fimm hæstu fullyrðingar (allar á styrkleikabili):

- Næsti yfirmaður sýnir mér skilning þegar ég þarf að sinna fjölskyldu- eða einkamálum.
- Ég legg mikið á mig til að koma til móts við nemendur/börn og foreldra þeirra.
- Sú þjálfun og fræðsla sem ég hef fengið hefur nýst mér vel í starfi.
- Ég hafði tækifæri til að læra og þróast í starfi á sl. 12 mánuðum.
- Ég reyni iðulega að leita nýrra leiða til að vinna starf mitt betur.

Fimm lægstu fullyrðingar voru (allar á aðgerðabili):

- Mér finnst þau laun sem ég fæ sanngjörn miðað við ábyrgð mína í starfi.
- Hversu mikið eða lítið er vinnuálag þitt?
- Hefur þér oft eða sjaldan fundist þú vera þreytt(ur) sl. þrjá mánuði þegar þú stendur andspænis nýjum vinnudegi?
- Hve oft eða sjaldan hefur það komið fyrir á sl. þremur mánuðum að þú hafir þurft að vinna lengri vinnudag en þú gerðir ráð fyrir að morgni.
- Hefur þér oft eða sjaldan fundist þú vera útbrunnin(n) eða stressaður(uð) í lok vinnudags sl. þrjá mánuði.

Allar fullyrðingar í könnuninni sem greina eiga viðhorf til starfsþróunar, þjálfunar og fræðslu mælast með talsvert hærra gildi í Hvassaleitisskóla en í grunnskólum almennt. Raunar er það svo að af tíu mestu frávikum Hvassaleitisskóla frá grunnskólum í heild (sem öll eru jákvæð) snúa fjögur að þessum þætti. Fullyrðingin „Yfirmaður minn eða vinnufélagi hvetur mig til að þróast í starfi“ fær gildið 4,14 (3,76 í grunnskólum almennt). Einnig fær fullyrðingin „Ég fæ

⁴ Niðurstöðum í vinnustaðagreiningu er skipt í þrjú svæði, styrkleikabil 4.20-5.00, starfhæft bil 3.70-4.19 og aðgerðabil 1.00-3.69.

þá þjálfun og fræðslu sem nauðsynleg er til að standa mig vel í starfi“ gildið 3,93 (3,58 í öllum grunnskólum).

Almennt sýna niðurstöður greiningarinnar jákvæða þróun fyrir Hvassaleitisskóla. Af tíu mestu breytingum frá síðustu mælingu 2005 eru níu jákvæðar og tíu mestu frávik Hvassaleitisskóla frá grunnskólum í heild eru öll jákvæð.

Samstarf

Kennarafundir eru einu sinni í viku og að auki annar fundartími í vikunni fyrir þá sem eru í fullu starfi. Þar fer fram upplýsingamiðlun og stundum eru fyrirlestrar frá aðilum utan skólans. Stigsfundir fyrir kennara sem kenna á sama stigi eru haldnir eftir þörfum og oft eru málin leyst á kennarastofunni í óformlegu samstarfi. List- og verkgreinakennarar hafa aðallega samstarf um námsmat. Kennararáð og skólastjórnendur funda reglulega.

Samstarf kennara snýst mest um að fara yfir stöðu nemenda og samhæfa aðgerðir um hegðun og nám. Kennarar sækja árgangafundi tvisvar til þrisvar í mánuði á því stigi sem þeir eru umsjónarkennarar. Þeir geta verið að kenna á öðrum stigum einnig og missa þá af umræðunni þar.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Upplýsingaflæði er gott að mati starfsmanna.
- Samstarf kennara fer mest fram á kennarafundum og á árgangafundum.
- Samstarf kennara snýst mest um að fara yfir stöðu nemenda og samhæfa aðgerðir um hegðun og nám.

Starfsandi

Í vinnustaðagreiningunni 2007 fær fullyrðingin „Mér finnst góður starfsandi á mínum vinnustað“ gildið 4,14 sem er nokkuð hærra en í grunnskólum almennt (3,95 er meðaltalsgildi allra grunnskóla). Gildi skólans á þessari spurningu hefur haldist nokkuð stöðugt síðan mælingar hófust árið 2002. Í fullyrðingum sem mæla liðsheild og samvinnu fær Hvassaleitisskóli betri niðurstöður fyrir samvinnu innan skóla en við foreldra. Fullyrðingin „Vinnufélagar mínir leggja sig alla fram við að skila vel unnu starfi“ fær gildið 4,21 (meðaltalsgildi allra grunnskóla er 4,13). Fullyrðingin „Á mínum vinnustað/skóla leitum við stöðugt nýrra tækifæra til að bæta árangur okkar“ fær gildið 4,32 í Hvassaleitisskóla (4,02 er meðaltal allra grunnskóla). Gildi skólans við þessari fullyrðingu hækkar mikið síðan í síðustu mælingu árið 2005 (3,65). Einnig hækkar gildið við fullyrðingunni „Starfsfólk á mínum vinnustað/skóla vinnur sem ein heild“ frá síðustu tveimur mælingum, var árið 2007 3,92 miðað við 3,61 í öllum grunnskólum.

Í rýnihópum kemur fram ánægja með skólann sem vinnustað, gott fólk og góður andi sérstaklega þetta skólaár. Hópur kennara hefur verið lengi við skólann. Árið sem breytingar áttu sér stað og tekið var upp greinabundið nám og kennsla voru samskipti erfiðari en annars og stjórnendur fengu á sig skot á kennarafundum. Þegar ákvörðunin var tekin létti á þessu og nú er starfsfólk almennt ánægt að mati stjórnenda.

Kennarar nefna að launin séu ekki í samræmi við mikilvægi kennarastarfsins, og miða við tvöföld laun annars staðar fyrir störf sem þeim bjóðast.

Fullyrðingin „Ég hef þau tæki og gögn sem nauðsynleg eru til að sinna starfi mínu vel“ mælist á styrkleikabili í Hvassaleitisskóla árið 2007 og hefur gildi þessarar spurningar í skólanum hækkað jafnt og þétt síðan í fyrstu mælingu árið 2002. Gildið er umtalsvert hærra en grunnskólarnir að meðaltali (4,29 í Hvassaleitisskóla miðað við 3,52 í grunnskólum almennt).

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Ánægja er með skólann sem vinnustað, gott fólk og góður andi.
- Kennarar nefna að starfið sé gefandi en laun ekki í samræmi við mikilvægi starfsins.
- Aðbúnaður í skólanum er góður og kennarar hafa almennt þau tæki og gögn sem þeir þarfnast.

Samskipti við nemendur og foreldra

Almennt eru samskipti við nemendur og foreldra góð að mati rýnihópa kennara, góður andi og gagnkvæm virðing ríkjandi. Jákvætt viðhorf til nemenda virðist ríkjandi, þó er talað um einstaklinga sem eru erfiðir og „skemmta fyrir sér og öðrum“.

Umsjónarkennarar bera ábyrgð á samskiptum við foreldra. Kennarar hafa fastan viðtalstíma einu sinni í viku. Á skóladagatali kemur fram að foreldradagar eru tveir á ári en nemendur fá vitnisburð tvisvar á ári. Að auki eru umsjónarkennarar með nemendaviðtöl við alla nemendur tvisvar á ári. Samskipti sérgreinakennara við foreldra eru minni og óbein, en að mati þeirra eru bæði nemendur og foreldrar ánægðir með það sem verið er að gera í þessum greinum.

Skiptar skoðanir eru meðal kennara gagnvart því að foreldrar komi í heimsókn í skólastofuna og hefur það ekki verið tekið upp þó foreldrar í ákveðnum árgangi hafi sóst eftir því. Nýlega hafa verið tekin upp foreldra- og nemendaviðtöl og er almenn ánægja með það.

Í vinnustaðgreiningu 2007 sýna spurningar sem mæla viðhorf til samvinnu við foreldra nokkuð lægra gildi en í grunnskólum almennt. Spurningin „Þegar á heildina er litið, hversu góð eða slæm eru samskipti þín við foreldra?“ fær gildið 4,14 í Hvassaleitisskóla sem er nokkur lækkun frá fyrri mælingum árið 2005 og 2002 í skólanum og lægra en mælist í grunnskólum í heild árið 2007 (4,32).

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Almennt ríkir jákvætt viðhorf til nemenda og foreldra meðal starfsmanna.
- Upplýsingamiðlun til foreldra þarf að vera öflug og samræmd.

Fjarvera starfsmanna

Farið var yfir forföll starfsmanna á vorönn 2007. Þar sem fjarvera var skráð ýmist sem stundir (kennslustundir) eða dagar var farin sú leið að reikna fjarveru í 1 dag sem 5.4 kennslustundir.⁵ Að meðaltali voru kennarar fjarverandi í 24.5 kennslustundir á önninni⁶, undir fjarveru falla veikindi og leyfi vegna símenntunar eða af persónulegum ástæðum. Þetta þýðir að kennarar hafa að meðaltali verið fjarverandi 4.7 kennsludaga á vorönn 2007.

Ekki var farið yfir fjarveru annarra starfsmanna en kennara.

⁵ Kennsluskyldu, 27 stundir á viku, er deilt á 5 daga.

⁶ Vetrarorlof og barnsburðarleyfi eru þá ekki með talin.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Skoða þarf fjarveru kennara

Símenntun

Mat á árangri símenntunar Hvassaleitisskóla og drög að áætlun fyrir skólaárið 2007-2008 var lögð fram. Þar er lögð áhersla á að kennarar efla sig og sækja símenntun sem styrki þá í sinni grein og kennarar haldi áfram að kynna sér og tileinka sér fjölbreytta kennsluhætti. Einnig er lögð áhersla á námsmat/símat í einstaklingsmiðuðu námi og byrjendalæsi. Fram kemur að allir starfsmenn eru hvattir til að sækja námskeið og tekið fram að skólastjórnendur séu fyrirmynd og sækja námskeið og fundi tengda starfi skólans. Deildarstjóri hefur umsjón með símenntun starfsmanna og er leiðandi í að starfsmenn kynni sér vel það sem er í boði í símenntun.

Stjórnendur eru ánægðir með þá símenntun sem menntasvið stendur fyrir en fram kemur að helst vanti námskeið fyrir millistjórnendur í skólum.

Símenntun starfsmanna er skráð og staðfest af deildarstjóra. Í yfirliti yfir símenntun sem kennarar völdu sjálfir kemur fram að þeir unnu mest að því að efla sig í sinni námsgrein 34.4% símenntunartíma og að kynna sér nýtt námsefni 10.9%. Almennt mat er að fyrri símenntunaráætlanir hafi gengið eftir og vel tekist til. Símenntun er kostuð af skólanum eða styrkjum úr símenntunarsjóðum.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Símenntunaráætlun skólans fyrir skólaárið 2007-2008 tengist innleiðingu á stefnumótun skólans um einstaklingsmiðað greinabundið nám.
- Starfsmenn eru hvattir til að efla sig og sækja símenntun sem styrkir þá í sinni grein.

Stjórnun og skipulag

Skrifstofa skólans er á 2. hæð skólahússins og ekki í beinum tengslum við aðalinngang. Merkingar leiðbeina þó gestum um hvar skrifstofu og stjórnun er að finna.

Skólastóri, aðstoðarskólastjóri vinna náið saman að stjórnun skólans og hafa með sér mikið samráð í flestum málum. Deildarstjóri var ráðinn sl. haust með það aðalverkefni að fylgja eftir einstaklingsmiðaða náminu. Hann hefur mikið samstarf við aðstoðarskólastjóra um sín verkefni. Leiðarljós stjórnenda er að leysa málin en geyma þau ekki. Í rýnihópum kemur fram að gott aðgengi er almennt að stjórnendum og þeir telja sjálfir að kennarar eigi greiðan aðgang að þeim enda eru þeir jafnan með opið inn til sín. Foreldrum finnst að almennt taki stjórnendur vel á öllum málum og athugasemdum. Þó kemur einnig fram að ákveðnir foreldrar „eigi í basli með að ná til stjórnenda“ sem geti leitt til þess að erfitt verður að leysa úr málum sem upp koma. Foreldrar nefna einnig að upplýsingastreymi þyrfti að vera meira.

Fullyrðingin „Mínum vinnustað/skóla er vel stjórnað“ fær nokkuð hærra gildi en í grunnskólum almennt (3,96 miðað við 3,73 sem er meðaltalsgildi allra grunnskóla). Traust á næsta yfirmanni mælist líka hátt (gildið 4,37 miðað við 4,20 í grunnskólum almennt) og næsti yfirmaður er talinn drífa verkefni áfram (gildið 4,26 miðað við 3,87 í grunnskólum almennt). Fullyrðingin „Ákvarðanir eru teknar út frá faglegum forsendum á mínum vinnustað/skóla“ fær gildið 3,93 sem er svipað í grunnskólum almennt (3,87 er meðaltalsgildi allra grunnskóla).

Einnig höfðu allir starfsmenn sem svöruðu könnuninni farið í starfsmannasamtal á sl. 12 mánuðum (100% miðað við meðaltalið 74% í öllum grunnskólum)⁷. Samkvæmt niðurstöðum greiningarinnar metur starfsfólk skólans það einnig sem svo að það fái töluverða endurgjöf á störf sín, fullyrðingin „Á sl. sex mánuðum hefur yfirmaður minn rætt við mig um hvernig ég stend mig í starfi“ fær gildið 4,14 sem er nokkuð langt yfir meðaltali allra grunnskóla (3,47). Hefur gildi skólans hvað þetta varðar hækkað umtalsvert síðan í síðustu mælingu árið 2005. Fullyrðingar er mæla umboð til athafna mælast einnig aðeins hærrí en í grunnskólum almennt. Fullyrðingin „Ég er hvattur/hvött til að koma með nýjar hugmyndir um hvernig má gera betur“ fær t.d. gildið 3,79 (meðaltalsgildi allra grunnskóla er 3,65).

Hrós og endurgjöf stjórnenda mælist einnig yfir meðallagi í Hvassaleitisskóla samkvæmt vinnustaðagreiningu 2007. Fullyrðingin „Ég hef fengið hrós eða viðurkenningu fyrir vel unnin störf á síðustu vikum“ fær meðaltalið 3,86 í Hvassaleitisskóla, miðað við meðaltal allra grunnskóla, 3,67.

Stefna Hvassaleitisskóla er aðgengileg í skólanámskrá. Einkunnarorð skólans eru: Vellíðan – agi – árangur. Stefnan tekur mið af grunnskólalögum, Aðalnámskrá grunnskóla og framtíðarsýn Reykjavíkurborgar. Áhersluþættir í stefnunni eru; að sérhver nemandi fái tækifæri til náms við hæfi; að í skólastarfinu sé ýtt undir áhuga hvers og eins; að nemendum og kennurum séu skapaðar bestu aðstæður til náms og kennslu á hverjum tíma; að sameina fræðslu, þroska og heilbriggt lífverni; að skólareglur séu virtar og hagsmunir þeirra sem vilja læra gangi fyrir. Arangursríkt nám krefst næðis sem er forsenda fyrir einbeitingu og athygli; að einelti, stríðni eða annað ofbeldi eigi sér ekki stað.

Almennt virðast starfsmenn meta það sem svo að skólinn hafi sett sér skýr markmið fyrir skólaárið. Í vinnustaðagreiningu árið 2007 fékk spurningin „Hversu skýr eða óskýr markmið hefur þinn vinnustaður/skóli sett sér fyrir þetta skólaár?“ gildið 4,04 en meðaltalsgildi allra grunnskóla við þessari spurningu er 3,76. Einnig telja starfsmenn Hvassaleitisskóla framtíðarsýn Reykjavíkurborgar í menntamálum nokkuð skýrari en starfsmenn í grunnskólum borgarinnar í heild (fullyrðing þess efnis fékk gildið 3,58 í Hvassaleitisskóla en meðaltalsgildið var 3,18 í öllum grunnskólum).

Stjórnendur meta samskipti við skólayfirvöld góð, en segjast jafnframt hafa orðið varir við neikvæð viðhorf þar sem skólinn hefur skorið sig úr og ekki fylgt t.d. því að taka upp vetrarfrí.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Stefna Hvassaleitisskóla er skýr og vel mótuð, hún er aðgengileg í skólanámskrá.
- Skipulag er í föstu formi og rammi skólastarfs er skýr.
- Skólastjórnendur hafa með sér gott samstarf.
- Skólastjórnendur eru sýnilegir þátttakendur í daglegu skólastarfi.
- Almennt treystir starfsfólk stjórnendum og fær frá þeim hrós og endurgjöf.
- Foreldrar telja að upplýsingastreymi þurfi að vera meira.

⁷ Það skal tekið fram í þessu sambandi að svarhlutfall var mjög gott í Hvassaleitisskóla, 90% starfsmanna svöruðu könnuninni.

Heimasíða

Heimasíða skólans er uppfærð reglulega og fréttir settar inn jafnt og þétt að því er virðist. Hún er nokkuð aðgengileg og en ekki alltaf auðvelt að átta sig á hvar upplýsingar er að finna. Einkunnarorð skólans koma fram á forsíðu og náms- og kennsluáætlanir eru aðgengilegar bæði eftir bekkjum og eftir greinum. Stefna skólans um einstaklingsmiðað nám er á forsíðu ásamt nýjum og nýlegum fréttum, s.s. niðurstöður skólans í PISA-könnun 2006.

Í Skólabók fyrir árið 2006-2007 er að finna lýsingu á stefnu skólans og markmiðum, skólanámskrá, upplýsingar eru um sérkennslu, foreldrarstarf og fleira. Galli er að skólabókin hefur ekki verið uppfærð fyrir skólaárið í ár og því ekki í öllum tilvikum ljóst hvort upplýsing eiga við. Sjálfsmatsskýrsla skólans er birt á síðunni undir skýrslur.

Heimasíðan er í endurhönnun samkvæmt upplýsingum sem fengust.

Ekki fundust aðgengilegar upplýsingar um móttöku og kennslu nýbúa.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Heimasíða skólans er uppfærð reglulega og fréttir settar inn.
- Síðan er í endurgerð, hún er þokkalega aðgengileg en ekki alltaf auðvelt að átta sig á hvar upplýsingar er að finna.
- Ekki fundust aðgengilegar upplýsingar um móttöku og kennslu nýbúa

Skólanámskrá

Skólanámskráin skiptist í Skólabók, Stefnu, markmið, samskipti og áætlanir; Náms- og kennsluáætlanir; Handbók starfsfólks/kennara, og Handbók stjórnenda. Skólabókin er aðgengileg á heimasíðu skólans og henni er dreift til foreldra að hausti. Í skólanámskrá Hvassaleitisskóla er tekið á nær öllum þáttum sem samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eiga að birtast í skólanámskrá skóla og þeim sem samkvæmt starfsáætlun Reykjavíkurborgar skal setja fram.

Þar er að finna skipurit skólans, stefnu og lýsingu á sérstöðu hans, fjallað er ítarlega um einstaklingsmiðað nám og greinabundna kennslu. Upplýsingar eru um hvernig bregðast skal við ýmsum málun.

Þættir sem ekki koma fram í skólanámskránni eru:

- hvort skólanámskráin var unnin í samráði við starfsfólk, foreldra og nemendur
- móttökuáætlun fyrir innflytjendur
- jafnréttisáætlun
- verklagsreglur um slysavarnir
- áherslur skólans á heilbrigða lífshætti og hollustu
- upplýsingar um vistvænan rekstur skólans
- upplýsingar um umhverfisáætlun, endurvinnslu, endurnýtingu o.fl.

Náms- og kennsluáætlanir fyrir árganga og greinar

Í náms- og kennsluáætlunum eru upplýsingar um hverja námsgrein þar sem kemur fram hversu margar kennslustundir eru á viku, hver eru markmið sem unnið er að, í sumum greinum er vísað í Aðalnámskrá, fjallað er um námsþætti, námsefni, kennslutilhögun/kennsluáðferðir, í sumum greinum er einnig fjallað um námsmat og heimanám. Náms- og

kennsluáætlanir gilda fyrir skólaárið og fylgja að því er best verður séð Aðalnámskrá í öllum meginatriðum.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Í skólanámskrá Hvassaleitisskóla er tekið á nær öllum þáttum sem samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eiga að birtast í skólanámskrá og þeim sem samkvæmt starfsáætlun Reykjavíkurborgar skal setja fram.
- Gefnar eru út náms- og kennsluáætlanir fyrir hvern árgang.
- Nokkra þætti vantar að fjalla um í skólanámskránni, s.s. móttökuáætlun fyrir innflytjendur, jafnréttisáætlun og áherslur skólans á heilbrigða lífshætti og hollustu.

Sjálfsmat og umbótaáætlun

Sjálfsmatsskýrsla var gefin út árið 2004. Í henni er lýst sjálfsmati í Hvassaleitisskóla. Unnið hefur verið markvisst að sjálfsmati frá árinu 2002 og hefur skólinn notað sjálfsmatslíkanið *Gæðagreinar* við matið. Gerð var áætlun til þriggja ára og ákveðnir þættir skólastarfs metnir á hverri önn. Matið byggir bæði á niðurstöðum kannana sem Menntasvið lætur gera reglulega á skólastarfi og kannana sem skólinn hefur gert meðal nemenda, starfsmanna og foreldra. Einnig er byggt á ytra mati sem fengið var frá Háskólanum á Akureyri á síðasta ári. Þar var greinabundna kennslan skoðuð sérstaklega.

Grunnur sjálfsmatsins er stefna Reykjavíkurborgar í menntamálum, stefna skólans og viðmið um góðan skóla frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur 1998. Í skýrslunni er fjallað ítarlega um skólann, markmið hans og framkvæmd skólastarfs. Umbótamarkmið eru sett fram með hverjum þætti.

Í stöðulýsingu sjálfsmats frá hausti 2007 er gerð grein fyrir innleiðingu á stefnu til aukinnar einstaklingsmiðunar í námi með greinabundnu námi. Meðal umbótamarkmiða er að tengja stefnu skólans og markmiðssetningu betur daglegum störfum kennara og koma því á að verk möppur nemenda verði notaðar af öllum kennurum.

Helstu áherslur í umbótaáætlun fyrir skólaárið 2007-2008 eru að:

- efla og viðhalda góðri líðan starfsfólks
- innleiða einstaklingsmiðað nám
- bæta upplýsingastreymi
- auka eigið val á símenntun starfsfólks
- viðhalda góðum árangri nemenda og efla námsfærni

Umbótamarkmiðum hefur verið skipt niður á mánuði skólaársins og eru sýnileg uppi á vegg í kennarastofu. Umbætur í febrúar voru: mat frá Menntasviði og HA, líðan nemenda og félagsleg færni, tengslakönnun lögð fyrir nemendur, verk möppur – námsmat og starfsmannaviðtöl.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Sjálfsmatsskýrsla var gefin út fyrir árið 2004. Í henni er lýst vinnu að sjálfsmati í Hvassaleitisskóla.
- Lögð er áhersla að uppfylla faglegar kröfur og byggja á viðmiðum menntamálaráðuneytis um sjálfsmat.
- Unnið er að umbótamarkmiðum jafnt og þétt yfir skólaárið.

Myndver grunnskóla

Myndver grunnskóla hefur verið starfrækt í Hvassaleitisskóla síðan haustið 2004. Í Hvassaleitisskóla er vel búið að Myndverinu og samskipti við stjórnendur og kennara góð. Starfsmaður Myndvers vinnur sjálfstætt og stýrir því starfi sem fram fer í verinu og úti í skólum á vegum þess. Nýlega voru tæki endurnýjuð að nokkru leyti og er verið nú ágætlega tækjum búið. Helst vantar faglegt bakland og tengsl við skólasamfélagið í Reykjavík.

Myndverið var áður í Réttarholtsskóla frá árinu 1999. Marteinn Sigurgeirsson, kennsluráðgjafi hefur frá upphafi stýrt Myndveri og verið eini starfsmaður þess. Marteinn réð sig fyrst til Skólaskrifstofu Reykjavíkur 1991 og starfaði bæði við Fræðsluskrifstofu Reykjavíkurumdæmis og Skólaskrifstofu Reykjavíkur á árunum 1992-1996. Upphaf Myndversins má rekja til starfsemi sem fór fram á Tjarnargötu 12 í bakhúsi. Þar starfaði Marteinn sem kennsluráðgjafi fyrir grunnskólana með sérsvið í því að nýta aðferðir fjölmiðla í námi. Á þessum tíma var m.a. gefið út sameiginlegt skólablað fyrir grunnskólana í Reykjavík.

Myndverið starfar samkvæmt þjónustusamningi frá árinu 2004. Þar segir m.a. um hlutverk þess „að gefa nemendum í borginni kost á að vinna með margvísleg verkefni og tjá sig á fjölbreyttan og skapandi hátt með ljósmyndum, stuttmyndum og klippimyndum“.

Í Myndverið geta kennarar og nemendur grunnskólanna leitað eftir aðstoð, ráðgjöf og fengið lánuð tæki til að vinna verkefni í skólanum, t.d. tengd þemadögum. Reglulega eru auglýst tilboð fyrir árganga og námskeið og fræðslufundir fyrir kennara. Marteinn fer út í skóla og vinnur með þeim allt að viku í senn. Skólar geta einnig pantað tíma til verkefnagerðar í Myndverinu. Aðstaða er fyrir stafræna útfærslu mynda í Myndverinu og þar er gott safn handbóka, verkefna og búninga. Árlega er haldin stuttmyndahátíð grunnskólanna með þátttöku um 50% grunnskólanna þar sem nemendur senda inn myndir sem þeir gera undir verkstjórn kennara sinna. Á hverju ári koma um eitt þúsund nemendur í Myndverið, en mest er það notað af skólum í grennd við Hvassaleitisskóla. Nemendur og kennarar Hvassaleitisskóla njóta góðs af starfsemi Myndversins og verkefni eru gjarnan tilraunakennd þar áður en þau eru boðin öðrum skólum. Sem dæmi má nefna skapandi skrif, verkefni í ritun þar sem kveikjan er frétt úr dagblaði. Nemendur skrifa sögu út frá fyrirsögninni, þannig verður til sagnabanki á safni sem nota má sem grunn í handritagerð fyrir t.d. stuttmyndir. Aðrir vaxtarsprotar eru t.d. samvinna við Fjalaköttinn, útbúa bakpoka með öllum tækjum til stuttmyndagerðar til útláns fyrir skóla og samvinna við norræna kvikmyndahátíð.

Framtíðarsýn forstöðumannsins er að efla starfsemina og ráða fleiri starfsmenn. Æskilegt telur hann að hliðstæð miðstöð verði til í öllum hverfum borgarinnar með það að markmiði að efla skapandi starf í öllum skólum borgarinnar.

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Starfsemi Myndversins á ríkan þátt í að efla skapandi starf í skólum borgarinnar.
- Nemendur og starfsmenn Hvassaleitisskóla njóta góðs af starfsemi Myndversins og nálægðinni við það.

Húsnæði og aðbúnaður

Almennt er starfsfólk og nemendur ánægðir með húsnæði og aðbúnað í Hvassaleitisskóla og telur sig hafa þau tæki og gögn sem til þarf í skólastarfinu. Tölvukostur í skólanum er góður,

stórt tölvuver í tengslum við skólasafn og tveir fartölvuvagnar til afnota fyrir nemendur. Eftirfarandi ábendingar komu fram varðandi húsnæði og aðbúnað:

Ábendingar – sterkir og veikir þættir

- Almennt er starfsfólk og nemendur ánægðir með húsnæði og aðbúnað í Hvassaleitisskóla.
- Aðbúnaður mjög góður í list- og verkgreinum.
- Aðkoma að skólanum er ekki góð.
- Leikfimisalur lítill.
- Sundlaug lítil og þröng (í Breiðagerðisskóla).
- Ekki góðir fótboltavellir – nemendur vilja sparkvöll.
- Nemendur kvarta undan litlum stólum.
- Nemendur kvarta undan klósettum og vilja annan sófa í anddyrið.
- Vantar samlokugrill fyrir miðstigið.
- Of sjaldan þrifið.

Greining

Styrkleikar: Góður árangur nemenda. Ánægt starfsfólk sem vinnur faglegt starf og beitir fjölbreyttum kennsluháttum. Metnaðarfull stefnumótun.

Veikleikar: Upplýsingagjöf til foreldra þarf að styrkja og þátttöku þeirra í skólastarfinu. Hvernig tekið er á alvarlegum hegðunarmálum og einelti.

Ögranir: Skólinn er lítill og nemendur fáir sem hefur áhrif möguleika á fjölbreyttu vali og fjölbreytt félagsstarf.

Tækifæri: Jákvæðir nemendur, foreldrar sem styðja við skólann. Lítill skóli sem auðveldar samskipti nemenda og starfsfólks. Þróun á framkvæmd stefnumótunar um nám við hæfi og einstaklingsmiðað námsmat.

Samantekt ábendinga

Nám og kennsla

- Árangur nemenda í lestri í 2. bekk er marktækt betri árið 2007 en meðalárangur í grunnskólum Reykjavíkur. Sama á við um árið 2006.
- Góður árangur er í stærðfræðiskimun í 3. bekk 2006 og aðeins einn nemandi sem telst líklegur að þurfa aðstoð í stærðfræði sýnir styrkleika.
- Nemendum fer eðlilega fram í námi í íslensku og stærðfræði milli 7. og 10. bekkjar og milli 4. og 7. bekkjar samkvæmt framfarastuðlum í samræmdum prófum.
- Náms- og kennsluáætlanir fyrir árganga í öllum greinum eru birtir á heimasíðu skólans, þær eru hluti af skólanámskrá og eru kynntar foreldrum í námskynningum að hausti.
- Í flestum greinum gera nemendur sér námsáætlun fyrir ákveðinn tíma.
- Greinabundið nám og kennsla er leið skólans til að veita nemendum nám við hæfi og tryggja sérþekkingu kennara.
- Almennt virðist skólinn kominn lengra í viðhorfum og stefnumótun en í framkvæmd einstaklingsmiðaðs náms.
- Innan ramma greinabundinnar kennslu þarf að taka markviss skref til að nám og kennsla taki mið af einstaklingnum.
- Skólastofur eru útbúnar sem sérgreinastofur og bera með sér hvaða nám og kennsla fer þar fram.
- Nemendur fara á milli stofa og kennara eftir greinum og kennarar sérhæfa sig í kennslu einnar eða tveggja greina.
- Skoða þarf hvort umsjónarkennarar hafa nægan tíma með sínum bekk til að mynda góð tengsl og sinna foreldrasamstarfi, sérstaklega á yngri stigum.
- Markvisst er leitað að nemendum með sérþarfir með skimunum.
- Umsjónarmaður sérkennslu skipuleggur kennsluna.
- Einstaklingsnámskrár eru ekki alltaf gerðar fyrir þá nemendur sem eru í sérkennslu.
- Sérkennsla fer að mestu fram utan bekkjar.
- Lausnateymi er ekki starfandi við skólann.

Nemendur og líðan

- Nemendum líður flestum vel í skólanum.
- Einstaklingar sem ekki falla inn í hópinn verða fyrir stríðni.

- Fulltrúar í nemendaráði eru ánægðir með starf og virkni ráðsins.
- Stjórnendur skólans koma ekki á fundi nemendaráðs þannig að starfsemi ráðsins virðist vanta tengingu við ákvarðanir í skólanum.
- Nemendur í 6. og 7. bekk eiga ekki fulltrúa í nemendaráði eins vera skal skv. lögum um grunnskóla.
- Virkja þyrfti nemendaráðið í skólastarfinu og vinna að auknu nemendalýðræði.
- Nemendur þekkja skólareglur og virða þær.
- Settar eru bekkjarreglur í flestum bekkjardeildum í samráði við nemendur.
- Skýrar reglur eru um skólasókn, brot nemenda eru metin til refsistiga.
- Vantar betri áætlun varðandi einelti og alvarleg hegðunarvandamál.
- Almennt er góður vinnufriður og agi í kennslu.
- Lítil gæsla á göngunum og í matsal.
- Skoða þarf hvað veldur því að einstaka bekkir skera sig úr með fjarveru og hvort tengsl eru við árangur nemenda.

Foreldrar, samskipti og upplýsingamiðlun

- Ánægja foreldra með skólann mælist tæp 78%, aðeins lægri en í skólum borgarinnar að meðaltali.
- Foreldrar taka þátt í stefnumótun og styðja vel við skólann.
- Reglulegir fundir eru með skólastjórnendum og foreldraráði.
- Tryggja þarf að upplýsingamiðlun til foreldra sé regluleg, markviss og góð í öllum bekkjardeildum.

Starfsmenn og líðan

- Upplýsingaflæði er gott að mati starfsmanna.
- Samstarf kennara fer mest fram á kennarafundum og á árgangafundum.
- Samstarf kennara snýst mest um að fara yfir stöðu nemenda og samhæfa aðgerðir um hegðun og nám.
- Ánægja er með skólann sem vinnustað, gott fólk og góður andi.
- Kennarar nefna að starfið sé gefandi en laun ekki í samræmi við mikilvægi starfsins.
- Aðbúnaður í skólanum er góður og kennarar hafa almennt þau tæki og gögn sem þeir þarfnast.
- Almennt ríkir jákvætt viðhorf til nemenda og foreldra meðal starfsmanna.
- Upplýsingamiðlun til foreldra þarf að vera öflug og samræmd.
- Skoða þarf fjarveru kennara
- Símenntunaráætlun skólans fyrir skólaárið 2007-2008 tengist innleiðingu á stefnumótun skólans um einstaklingsmiðað greinabundið nám.
- Starfsmenn eru hvattir til að efla sig og sækja símenntun sem styrkir þá í sinni grein.

Stjórnun og skipulag

- Stefna Hvassaleitisskóla er skýr og vel mótuð, hún er aðgengileg í skólanámskrá.
- Skipulag er í föstu formi og rammi skólastarfs er skýr.
- Skólastjórnendur hafa með sér gott samstarf.
- Skólastjórnendur eru sýnilegir þátttakendur í daglegu skólastarfi.
- Almennt treystir starfsfólk stjórnendum og fær frá þeim hrós og endurgjöf.
- Foreldrar telja að upplýsingastreymi þurfi að vera meira.
- Heimasíða skólans er uppfærð reglulega og fréttir settar inn.

- Síðan er í endurgerð, hún er þokkalega aðgengileg en ekki alltaf auðvelt að átta sig á hvar upplýsingar er að finna.
- Ekki fundust aðgengilegar upplýsingar um móttöku og kennslu nýbúa.
- Í skólanámskrá Hvassaleitisskóla er tekið á nær öllum þáttum sem samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eiga að birtast í skólanámskrá og þeim sem samkvæmt starfsáætlun Reykjavíkurborgar skal setja fram.
- Gefnar eru út náms- og kennsluáætlanir fyrir hvern árgang.
- Nokkra þætti vantar að fjalla um í skólanámskránni, s.s. móttökuáætlun fyrir innflytjendur, jafnréttisáætlun og áherslur skólans á heilbrigða lífshætti og hollustu.
- Sjálfsmatskýrsla var gefin út fyrir árið 2004. Í henni er lýst vinnu að sjálfsmati í Hvassaleitisskóla.
- Lögð er áhersla að uppfylla faglegar kröfur og byggja á viðmiðum menntamálaráðuneytis um sjálfsmat.
- Unnið er að umbótamarkmiðum jafnt og þétt yfir skólaárið.

Myndver grunnskóla

- Starfsemi Myndversins á ríkan þátt í að efla skapandi starf í skólum borgarinnar.
- Nemendur og starfsmenn Hvassaleitisskóla njóta góðs af starfsemi Myndversins og nálægðinni við það.

Húsnæði og aðbúnaður

- Almennt er starfsfólk og nemendur ánægðir með húsnæði og aðbúnað í Hvassaleitisskóla.
- Aðbúnaður mjög góður í list- og verkgreinum.
- Aðkoma að skólanum er ekki góð.
- Leikfimisalur lítill.
- Sundlaug lítil og þröng (í Breiðagerðisskóla).
- Ekki góðir fótboltavellir – nemendur vilja sparkvöll.
- Nemendur kvarta undan litlum stólum.
- Nemendur kvarta undan klósettum og vilja annan sófa í anddyrið.
- Vantar samlokugrill fyrir miðstigið.
- Of sjaldan þrifið.

Heimildir

Einsetning grunnskóla Reykjavíkur 1994-2002. 2002. Reykjavík: Fasteignastofa Reykjavíkurborgar, Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Lög um grunnskóla nr. 66/1995.

Niðurstöður lesskimunar í 2. bekk. Hvassaleitisskóli vorið 2007. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Niðurstöður úr Talnalykli haust 2006 fyrir Hvassaleitisskóla. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Skólanámskrá Hvassaleitisskóla 2007-2008. Reykjavík: Hvassaleitisskóli

Stefna og starfsáætlun Menntasviðs Reykjavíkurborgar 2007. Reykjavík: Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Vinnustaðagreining Capacent Gallup fyrir Grunnskóla Reykjavíkur 2007. Hvassaleitisskóli – kynning mars-apríl 2007.

www.hvassaleitisskoli.is

Fylgiskjöl

1. Hvassaleitisskóli og skólahverfi
2. Vettvangsathuganir
3. Gátlisti um skólanámskrá
4. Gátlisti um heimasíðu